



SKARÐSHLÍÐARSKÓLI
SAMVINNA • VINÁTTA • ÞRAUTSEIGJA

Læsisstefna Skarðshlíðarskóla



Lestur er lífsins leikur

Inngangur

Læsisstefna Skarðshlíðarskóla byggir á læsisstefnu Hafnarfjarðar „Lestur er lífsins leikur“ og Aðalnámskrá grunnskóla, 2013. Í læsisstefnu Skarðshlíðarskóla birtast áherslur skólans í lestrarkennslu og lestrarþjálfun. Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir til að virkja áhugahvöt nemenda.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar (Aðalnámskrá grunnskóla, 2013) og er forsenda fyrir góðum árangri. Nemendur þurfa að geta aflað sér upplýsinga og unnið úr þeim með gagnrýnum hætti. Í Aðalnámskrá segir enn fremur: „Að góð lestrarfærni sé undirstaða ævináms og þess að geta aflað sér upplýsinga sem gera kleift að taka virkan þátt í lífi og menningu þjóðar“ (2013:99).

Mikilvægt er að vel takist til strax í byrjun lestrarnáms því lengi býr að fyrstu gerð. Samvinna og heimila og skóla skiptir miklu máli og foreldrar þurfa að vera upplýstir um aðferðir sem notaðar eru við lestrarkennslu í skólanum. Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna getur skipt sköpum um árangur barnanna og því þurfa hlutverk heimila og skóla að vera skýr. Læsisstefnan á að vera leiðarljós í læsisnámi barna og gefa skýra sýn hvert skal stefnt og hvaða leiðir á að fara. Þjálfun lesturs er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Til að vera góðir lesarar þurfa nemendur að vera duglegir að æfa sig að lesa bæði heima og í skóla.

Ein af meginstöðum læsisstefnunnar er snemmtæk íhlutun. Í henni felst reglubundið mat og áætlun um íhlutun ef þarf. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða kennslu sem byggir á árangursríkum raunprófuðum kennsluaðferðum.

Í fyrsta bekk er unnið eftir handbók í snemmtæka íhlutun. Handbókin var unnin af Ásthildi B: Snorradóttur talmeinafræðingi og kennurum skólans. Markmið verkefnisins er að skilgreina og meta þarfir allra barna í fyrsta bekk hvað varðar málþroska og læsi. Vinna markvisst með viðeigandi málþætti og styrkja undirstöðupætti lesturs fyrir þau börn sem þess þurfa. Stuðla þannig að því að öll börn sem byrja í Skarðshlíðarskóla nái góðum árangri í málþroska og læsi.

Í upphafi skólaárs yfirfara kennarar í 1. bekk gögn frá leikskólum og raða nemendum í málörvunarhópa eftir niðurstöðum.

Áhersla er á læsiskennslu alla skólagöngu nemenda. Þegar nemendur hafa náð grunntækni er mikilvægt að þeir haldi áfram að bæta sig. Læsiskennsla þarf að vera í sífelldri endurskoðun og taka mið af ólíkri stöðu nemenda. Í hverjum árgangi eru notuð viðmið Menntamálastofnunar um leshraða. Nemendum eru kenndar fjölbreyttar lesskilningsaðferðir, tilgangur með lestri er að skilja það sem lesið er. Lesskilningur snýst um að meðtaka það sem lesið er og leggja skilning á efnið. Áhersla er á aðferðir sem efla orðaforða, málskilning, ályktunarhæfni og rökhugsun.

Mikilvægt er að í hverri skólastofu sé lestrarhvetjandi umhverfi og að nemendur hafi aðgang að góðu úrvali bóka á bókasafni.

Læsisáherslur Skarðshlíðarskóla

Læsi er grunnur alls náms og felur m.a. í sér lestur, skilning, ritun, hlustun og tjáningu. Kennslan felur í sér áherslu á þessa þætti. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluaðferðir og unnið að því að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju. Nemendur eru þjálfaðir í að leita sér upplýsinga á margvíslegan hátt og að lesa úr fjölbreyttum textum og myndritum. Enn fremur eru þeir þjálfaðir í að skoða efni með gagnrýnum hætti, mynda sér skoðanir og tjá sig um þær.

Á yngsta stigi er grunnurinn lagður að læsinnámi nemenda. Lögð er áhersla á lestrarkennslu samkvæmt hljóðaaðferðinni og unnið með umskráningu, hljóðkerfisvitund, ritun, skrift, orðaforða og uppbyggingu setninga. Lestur og ritun eru nátengt ferli og er kennslan skipulögð með hliðsjón af því. Stefnt er að því að nemendur geti lesið texta og miðlað innihaldi hans til annarra á fjölbreyttan hátt. Áhersla er á daglega þjálfun bæði í skóla og heima svo að nemendur nái góðu lestrarlagi, lestrarhraða og lesskilningi. Í 4. bekk taka nemendur þátt í Litlu upplestrakeppninni sem þjálfar upplestur og framsögn.

Á miðstigi er lögð áhersla á mismunandi lestrarlag og lesskilning. Í kennslunni er lögð áhersla á að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur, unnið fjölbreytt verkefni sem efla lesskilning og ritun. Áhersla er að auka lesfimi og lesskilning. Unnið er áfram með ritun og nemendur þjálfaðir í að skrifa ólíka texta. Í 7. bekk taka nemendur þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem þjálfar framsögn og upplestur.

Á unglíngastigi er lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir eins og gagnvirkan lestur. Í kennslunni er lögð áhersla á að nemendur geti leitað sér þekkingar í gegnum lestur, unnið fjölbreytt verkefni sem efla lesskilning og ritun. Þeir eru þjálfaðir í að tjá sig bæði í ræðu og riti. Lögð er áhersla á aukinn orðaforða.

Áherslur í lestrarkennslu í 1.- 4. bekk í Skarðshlíðarskóla

| Áherslur/próf | 1. bekkur | 2. bekkur | 3. bekkur | 4. bekkur |
|---------------------------------------|--|--|--|--|
| Lestur alla daga í skóla | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, hlustun, kennari les fyrir nemendur | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, hlustun, kennari les fyrir nemendur | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, hlustun, kennari les fyrir nemendur | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, hlustun, kennari les fyrir nemendur |
| Heimalestur 5 daga vikunnar | Lesu upphátt fyrir fullorðinn í a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti | Lesu upphátt fyrir fullorðinn í a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti | Lesu upphátt fyrir fullorðinn í a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti | Lesu upphátt fyrir fullorðinn í a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti |
| Ritun minnst 3 daga vikunnar | Orðaskrift | Orðaskrift/setningar | Setningaskrift | Útdráttur |
| PALS – paralestur | K-PALS á haustönn G-PALS | G-PALS á haustönn | mars/apríl | mars/apríl |
| Lestraráttak | nóvember og mars | október og janúar | september og apríl | október og febrúar |
| Lesferill – skimun | október | | | |
| Lesferill – lesfimiþróf | janúar og maí | september, janúar og maí | september, janúar og maí | september, janúar og maí |
| Orðarún- lesskilningsþróf | | | janúar og maí | janúar og maí |
| LOGOS - lestrarskimun | | | janúar - febrúar | |
| Litla upplestrarkeppnin | | | | Lokahátíð að vori |
| Fræðsla til foreldra um málörvun læsi | Í september | | Í febrúar | |

Áherslur í lestrarkennslu í 5.-7. bekk í Skarðshlíðarskóla

| Áherslur/próf | 5. bekkur | 6. bekkur | 7. bekkur |
|------------------------------|--|--|--|
| Lestur alla daga í skóla | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, punktalestur, kórlestur, kennari les fyrir nemendur | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, punktalestur, kórlestur, kennari les fyrir nemendur | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, punktalestur, kórlestur, kennari les fyrir nemendur |
| Heimalestur 5 daga vikunnar | lesa upphátt í 15 mínútur í hvert skipti og vinna verkefni í ritun þrisvar í viku | lesa upphátt í 15 mínútur í hvert skipti og vinna verkefni í ritun þrisvar í viku | lesa upphátt í 15 mínútur í hvert skipti og vinna verkefni í ritun þrisvar í viku |
| PALS – paralestur | október/nóvember | febrúar/mars | febrúar/mars |
| Lestraráttak | nóvember og mars | september og apríl | október og febrúar |
| Lesferill – lesfimipróf | september, janúar og maí | september, janúar og maí | september, janúar og maí |
| Orðarún- lesskilningspróf | janúar og maí | janúar og maí | janúar og maí |
| LOGOS - lestrarskimun | | október/nóvember | |
| Fræðsla til foreldra | september | | |

Áherslur í lestrarkennslu í 8.-10. bekk í Skarðshlíðarskóla

| Áherslur/próf | 8. bekkur | 9. bekkur | 10. bekkur |
|-----------------------------|---|---|--|
| Lestur alla daga í skóla | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, bókarýni, lesskilningur, kennari les fyrir nemendur, hlustun | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, bókarýni, lesskilningur, kennari les fyrir nemendur, hlustun | yndislestur, paralestur, lestur fyrir kennara, bókarýni, lesskilningur kennari les fyrir nemendur, hlustun |
| Heimalestur 5 daga vikunnar | lesa a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti. Foreldrar hlusta hjá nemendum sem ekki hafa náð viðmiði 1 | lesa a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti. Foreldrar hlusta hjá nemendum sem ekki hafa náð viðmiði 1 | lesa a.m.k. 15 mínútur í hvert skipti. Foreldrar hlusta hjá nemendum sem ekki hafa náð viðmiði 1 |
| Ritun 3- 5 daga vikunnar | Útdráttur | Útdráttur | Útdráttur |
| Lestraráttak | nóvember og mars | september og apríl | október og febrúar |
| Lesferill – lesfimiþróf | september, janúar og maí | september, janúar og maí | september, janúar og maí |
| Orðarún- lesskilningsþróf | janúar og maí | | |
| LOGOS - lestrarskimun | apríl/maí | | |
| Fræðsla til foreldra | september | | |

Leiðarljós í læsi, kennsluaðferðir og þjálfun

Hljóðaaðferðin

Í upphafi lestrarnáms eru nemendum þjálfaðir í hljóðaaðferð ásamt kennslu algengra orðmynda. Grundvallaratriði hljóðaaðferðarinnar er að nemendur skilji að bókstafirnir tákna hljóð orðanna í talmálinu. Nemendur læra heiti og hljóð bókstafanna og tengja saman. Með hljóðaaðferðinni læra nemendur skilvirka tækni til að öðlast færni til lesturs nýrra orða.

<https://laesisvefurinn.is/forsendur-laesis/hljodaadferdin/>

K-PALS – 1. bekkur

Í kennslustundum í K-PALS er lögð áhersla á hljóð bókstafa, umskráningu, hljóðkerfisvitund og sjónrænan orðaforða. Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Kennslustundir byrja ávallt á hljóðaleik og eftir það eru umskráningarverkefni unnin. Í hljóðaleikjaverkefnum eru nemendur að greina hljóð, rím, samtengingu og sundurgreiningu. Unnið er með sömu hljóð og nemendur eru að læra á hverjum tíma. Mikil endurtekning er í verkefnum sem stuðlar að aukinni sjálfvirkni í að þekkja og tengja hljóðin við bókstafina. Nemendum er kennt að þekkja algengar orðmyndir og æfa sig í að umskrá einföld orð sem eru sett saman úr hljóðum sem þegar hafa verið æfð.

G-PALS

Er framhald af K-PALS og hentar nemendum í 1. og 2. bekk. Unnið er áfram með umskráningu og sjónrænan orðaforða. Nemendur vinna saman í pörum og skiptast á að vera þjálfarar og lesarar. Lagt er upp með miklum endurtekningum sem stuðla að aukinni sjálfvirkni.

PALS 2. - 7. bekkur

PALS kennsluaðferðin er sjálfstætt framhald af K-PALS þar sem pör læra saman. Kennsluaðferðin byggist á samvinnu nemenda með áherslu á lesfimi og lesskilning. Nemendum eru kenndar aðferðir til að efla lesskilning og t.d þjálfast þeir í endursögn, að draga saman efnisgreinar og að spá fyrir um hvað gerist næst.

Gagnvirkur lestur

Felur í sér kennslu fjögurra þátta:

- að taka saman meginatriði efnisins
- að spyrja spurninga um hugmyndir og efni textans
- að leita skýringa þegar skilning brestur eða eitthvað er óljóst
- spá fyrir um framhald texta.

Nemendur nálgast lesturinn á virkan og skipulagðan hátt. Þessi aðferð hjálpar nemendum að vera sjálfstæðari við lestur og færari um að fást við stöðugt flóknara lesefni.

Hér má finna Lesið til skilnings - Kennarahandbók í gangvirkum lestri.

https://vefir.mms.is/lesid_til_skilnings/lesidtilskilnings_klb.pdf

Hugtakakort

Hugtakakort eru notuð til að vinna úr innihaldi texta á myndrænan hátt.

Þegar unnið er með hugtakakort reynir á færni nemenda til að draga út meginhugtök texta og raða þeim síðan upp á skipulagðan og rökrænan hátt. Hugtakakortin eru misflókin eftir getu nemenda og eðli texta sem unnið er með.

KVL

Þessi aðferð byggist á að vinna með það sem nemandinn: kann, vill vita og hefur lært. Byrjað er að ræða um þá þekkingu sem nemendur búa yfir varðandi viðfangsefni og hvað þeir vilji vita um efnið. Við lok verkefnisins taka nemendur saman hvað þeir hafa lært.

<https://laesisvefurinn.is/ordafordi-og-lesskilningur/hugarkort/>

Yndislestur

Nemendur lesa bók að eigin vali sér til ánægju og yndis. Yndislestur er þrisvar í viku í öllum árgöngum.

<https://laesisvefurinn.is/lestrarmenning/yndislestur/>

Lestrarsprettur er einu sinni á önn. Markmiðið með honum er að auka lesfimi, lesskilning og áhuga á lestri. Á haustönn skipuleggur hver árgangur sinn lestrarsprett en á vorönn skipuleggja stigin sameiginlegan lestrarsprett í samvinnu við bókasafnsfræðing.

Nestistími: kennari les fjölbreyttar bækur sem hæfa aldri nemenda. Leitast er við að bækurnar séu með góðum orðaforða og hæfi aldri nemenda.

Lestur í skóla. Lögð er áhersla á að allir nemendur lesi daglega í skólanum, ýmist fyrir kennara, skólaliða eða aðra nemendur.

Lestrarnám barna með annað móðurmál en íslensku. Nemendur með annað móðurmál fá þjálfun í íslensku sem öðru tungumáli. Unnið er með hljóð stafanna, tengingu hljóða og með orðaforða og hugtakaskilning.

Heimalestur

Til að lestrarþjálfun beri sem bestan árangur þarf lestrarþjálfun að fara fram heima í að minnsta kosti 15 mínútur á dag, fimm daga vikunna. Þegar nemendur eru farnir að geta skrifað – skrifa þeir orð í orðabók. Orðabókavinna þróast síðan eftir færni nemandans. Á eftir orðum koma setningar og síðan æfa nemendur sig í að skrifa stuttan útdrátt úr því sem þeir lásu.

Skráning á heimalestri

Til að fá yfirsýn yfir ástundun nemenda í heimalestri skráir kennari vikulega í Mentor undir ástundun hvort markmiðum heimalestar hafi verið náð eða ekki. Skráning á heimalestri er þáttur í samstarfi heimila og skóla.

Ef nemandi nær ekki markmiðum heimalestrar þ.e. hann les ekki nógu oft heima og skrifar í orðabók, eða skilar verkefnum í tengslum við heimalestur fer ákveðið ferli í gang.

Ef nemandi nær ekki markmiðum tvær vikur í röð sendir umsjónarkennari tölvupóst til foreldra.

- Ef ekkert breytist vikuna á eftir hringir umsjónarkennari í foreldra.
- Ef það skilar ekki árangri eru foreldrar boðaðir á fund með umsjónarkennara.
- Ef ekkert af þessu ber árangur er boðaður fundur með stjórnanda, umsjónarkennara og foreldrum.

Skimanir og próf

Grunnskólar meta grunnþætti lesturs og nota til þess ýmis próf.

Notkun matstækja hjálpa við að staðsetja nemandann og veita honum kennslu við hæfi.

Próf sem spá fyrir um hugsanlega lestrarerfiðleika eru til dæmis: Lesferill, lesskimunarprófið LOGOS, og lesskilningsprófið Orðarún.

Árangursmælingar, viðmið og markmið

Árangursmælingar hafa þann tilgang að upplýsa um stöðu nemenda og framfarir. Þannig er unnt að leggja mat á næstu skref í námi og kennslu.

Skarðshlíðarskóli notar viðmið Menntamálastofnunar fyrir lesfimiþrófið Lesferil til viðmiðunar um leshraða. Markmið skólans er að sem flestir nemendur nái a.m.k 50% viðmiðinu. Allir nemendur sem ná ekki 90% viðmiðum fá íhlutun og efni til þjálfunar heima.

Lesferill metur lesfimi þ.e. umskráningu, lestur með hljóðaaðferð og lestur út frá rithætti. Prófin eru til útprentunar á Skólagátt, úrvinnsla þeirra er rafræn. Þau gera skólum kleift að fylgjast vel með þróun og framförum í lestrarnámi hjá nemendum.

Lesferill – lesskimun fyrir 1. bekk (*áður Leið til læsis*)

Fyrirlögn er í október.

Lesskimunin felur í sér einstaklingsmiðaða athugun á undirstöðufærni nemenda í lestri:

- **Málþroski;** skilningur á setningum, hugtakaskilningur
- **Bókstafir og hljóð;** stafabekking, tengja bókstaf við hljóð
- **Hljóðkerfisvitund;** greina rím, greina hljóð í orðum, hljóðtenging, hljóðeyðing.

Niðurstöður eru birtar fyrir hvern þátt á forminu: áhætta 1, áhætta 2, óvissa og utan áhættu. Þannig sjá skólar stöðu nemenda í málþroska, bókstöfum og hljóðum og hljóðkerfisvitund.

Í 1. bekk er unnið eftir handbók Skarðshlíðarskóla með snemmtæka íhlutun í málörvun og lestrarnámi barna. Nemendum er raðað í málörvunarhópa eftir niðurstöðum gagna frá leikskólum og gátlista sem fylgir *Lesskimunarprófi Lesferils fyrir fyrsta bekk*. Það eru kennarar og í fyrsta bekk og sérkennari sem fara yfir gögnin. Unnið er markvisst með viðeigandi málþætti og undirstöðupætti lestrar hjá þeim börnum sem það þurfa. Þetta er framkvæmt með því að beita aðferðarfæði stigskiptrar kennslu sem er öflugt kennslufyrirkomulag til að vinna að snemmtækri íhlutun. Á þennan hátt er stuðlað að því að öll börn sem byrja í skólanum nái hámarksárangri hvað varðar málþroska og læsi.

Lesfimiþróf og stuðningsþróf

Um er að ræða þrjú þróf sem snúa að umskráningu eða sjálfri lestrartækninni. Það eru lesfimiþróf, sem má segja að séu grunnþróf og tvö stuðningsþróf. Sama lesfimiþrófið er lagt fyrir nemendum í september, janúar og maí.

Stuðningsþrófin eru tvö: þróf í sjónrænum orðaforða og þróf í orðleysulestri. Stuðningsþrófin eru lögð fyrir eftir þörfum til að skoða nánar hvernig lestrarfærni nemandans er háttað, hvar styrkleikar og hugsanlegir veikleikar liggja.

Lesfimiþrófið Menntamálastofnunar. Mæld eru rétt lesin orð á mínútu. Viðmiðin koma fram í töflum árganga hér á eftir.

Viðmið 1: Stefnt er að því að 90% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 2: Stefnt er að því að 50% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Viðmið 3: Stefnt er að því að 25% nemenda nái að lágmarki að lesa tilgreindan orðafjölda á mínútu að vori.

Lesferill – viðmið MMS.

| Aldur nemenda | 90% viðmið | 50% viðmið | 25% viðmið |
|---------------|------------|------------|------------|
| | 90% | 50% | 25% |
| 1.bekkur | 20 | 55 | 75 |
| 2.bekkur | 40 | 85 | 100 |
| 3.bekkur | 55 | 100 | 120 |
| 4.bekkur | 80 | 120 | 145 |
| 5.bekkur | 90 | 140 | 160 |
| 6.bekkur | 105 | 155 | 175 |
| 7.bekkur | 120 | 165 | 190 |
| 8.bekkur | 130 | 180 | 210 |
| 9.bekkur | 140 | 180 | 210 |
| 10.bekkur | 145 | 180 | 210 |

LOGOS skimun

LOGOS greiningarprófið er tölvutækt próf til að greina dyslexíu og aðra lestrarerfiðleika. Prófið er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Höfundur prófsins er prófessor Torleiv Höien frá Noregi. Hanner með þeim fremstu á Norðurlöndum í rannsóknum á lestrarvanda. LOGOS inniheldur tvo prófaflokka: Prófaflokkur 1 (3. - 5. bekkur) samanstendur af 17 prófhlutum en í prófaflokki 2 (6. - 10. bekkur og fullorðnir) eru 14 prófhlutar.

Þegar skimað er með LOGOS prófinu eru eftirfarandi prófhlutar notaðir:

- Leshraði og lesskilningur
- Lestur með hljóðaaðferð - geta lesið bullorð t.d. oru, anski
- Lestur út frá rithætti - geta lesið venjuleg orð á stuttum tíma.

LOGOS skimun er lögð fyrir:

- 3. bekk í janúar - febrúar. Lagt fyrir nemendur sem ekki hafa náð lesfímiviðmiði tvö í september. Ekki lagt fyrir nemendur sem eru með dyslexíu.
- 6. bekk í október - nóvember. Lagt fyrir nemendur sem ekki hafa náð lesfímiviðmiði tvö í Lesferli í september. Ekki lagt fyrir nemendur með dyslexíugreiningu.
- 8. bekk í apríl - maí. Lagt fyrir nemendur sem ekki hafa náð lesfímiviðmiði tvö í Lesferli í janúar. Ekki lagt fyrir nemendur sem hafa verið greindir með dyslexíu.

Lestrarerfiðleikar er yfirhugtak sem vísar til vandamála í lestri hverjar sem orsakirnar eru. Ef grunur er um lestrarerfiðleika hjá nemanda skiptir máli að skoða bakgrunnsupplýsingar, niðurstöður skimana og prófa.

Sérkennari og umsjónarkennarar bregðast við erfiðleikum nemanda með íhlutun. Dæmi um íhlutun:

- Einstaklingsnámskrár
- Einstaklingsmiðuð verkefni
- Sérkennsla
- Aukin lestrarþjálfun
- Stigskipt kennsla (t.d. K-PALS og PALS)
- Færnimiðaðir hópar.

Orðarún

Er staðlað lesskilningspróf fyrir nemendur í 3. - 8. bekk. Tvö próf eru fyrir hvern árgang. Hvert próf samanstendur af tveimur textum og fylgja tíu fjölvalsspurningar eða fullyrðingar hvorum texta. Prófspurningar reyna í stórum dráttum á ferns konar færni: greina staðreyndir sem koma fram í texta, draga ályktanir af því sem ekki er sagt berum orðum í texta. Einnig þurfa nemendur að átta sig á meginefni texta, útskýra orð og orðasambönd.

Niðurstöður prófsins segja fyrst og fremst til um hvernig til hefur tekist í námi og kennslu og er því leiðbeinandi um næstu skref fyrir nemandann í námi.

Samvinna heimila og skóla

Strax í skólabyrjun er rík áhersla lögð á mikilvægi góðs samstarfs heimilis og skóla. Lestrarnám barns er sameiginlegt verkefni heimilis og skóla. Foreldrar fá fræðslu í 1., 3. 5. og 8. bekk. Fræðslan er ýmist í höndum umsjónarkennara eða sérkennara. Stuðningur foreldra við lestrarnám barna sinna getur haft mikil áhrif á árangur þeirra. Halda þarf við þeirri færni sem nemandinn er búinn að ná og ekki má sleppa þjálfun í fríum. Lestrarstundin á að vera notaleg og taka 15 -20 mínútur ræða síðan við nemandann um það sem hann var að lesa og hvort hann skilji innihald textans.

Í upphafi lestrarnáms er nauðsynlegt að lesa hverja blaðsíðu tvisvar eða þrisvar og gefur kennari þá fyrirmæli um slíkar áherslu.

Kvittanahefti er notað til að skrá lestur barnsins og á það ásamt lestrarbók alltaf að vera í skólatöskunni. Vikulega skoðar umsjónarkennari kvittanaheftið og skráir síðan í Mentor hvort nemandi hafi náð markmiðum vikunnar í heimalestri sem er að lesa fimm sinnum og skrifa í orðabók. Mikilvægt er að barnið lesi heima þó svo að bók eða bækur klárist. Ágætt er að hafa ávallt tvær til þrjár bækur í lestrarmöppunni.

Gott er að hafa ákveðinn tíma og stað á heimilinu fyrir heimalestur. Nauðsynlegt er að sitja hjá barninu og fylgjast með lestrinum og leiðrétta þegar orðin eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.

Þó svo að barn sé farið af stað í lestri er mikilvægt er að hætta ekki að lesa fyrir þau. Bækurnar sem lesnar eru geta verið þyngri en barnið ræður sjálft við. Gott er að ræða um bókina og útskýra orð, þannig stuðlum við að betri orðaforða hjá börnum.

